



ÁRSSKÝRSLA STJÓRNAR 2020-2021

HÍÐ ÍSLENSKA BIBLÍUFÉLAG



Kunna gerðir þú mér lífsins vegu
og návist þín fyllir mig fögnuði.

Postulasagan 2:28

Bíblíufélagið birtir daglega myndskreytt bíblíuvers á helstu samfélagsmiðlum. Myndefnið við versin kemur úr ýmsum áttum. Þessi mynd er tekin í Svarfaðardal í lok vetrar 2019.

AÐALFUNDUR 2020

AÐALFUNDUR Hins íslenska Bíblíufélags var haldinn þriðjudaginn 28. maí 2020 kl. 16.30 í Lindakirkju. Var þetta óvanaleg dagsetning og útskýrist af fjöldatakmörkunum sem gilt höfðu vegna Covid-19 faraldursins. Fjalar Freyr Einarsson var kosin fundarstjóri en Einar Aron Fjalarsson ritari fundar. Engar breytingar urðu í stjórn en sr. Grétar Halldór Gunnarsson og Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir voru bæði endurkjörin til fjögurra ára. Á fyrsta fundi stjórnar voru kosin í framkvæmdanefnd: Grétar Halldór Gunnarsson, varaforseti, Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, ritari og Guðni Már Harðarson, gjaldkeri. Stjórnarmenn eru: Frú Agnes M. Sigurðardóttir, Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, Fjalar Freyr Einarsson,

sr. Guðni Már Harðarson, sr. Grétar Halldór Gunnarsson, Hrönn Svansdóttir, sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Kristján Þór Gunnarsson og sr. Sveinn Valgeirsson. Forseti félagsins er biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir.

Aðeins fjórir stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu; í júní, september og desember 2020, og loks í febrúar 2021. Útskýrist þetta ekki aðeins af þeirri stefnu, markaðri af forseta, að halda fundum í lágmarki, heldur ekki síður af þeim takmörkunum sem fundarhöldum var sett vegna aðgerða tengdum Covid-19 faraldrinum. Engu að síður hefur verið góður taktur í starfsemi félagsins, líkt og ársskýrslan sýnir.

STÓRA MYNDIN

Á liðnu starfsári voru fjögur atriði mest áberandi í starfi Biblíufélagsins. 1) Framtíð prentaðrar Biblíu. 2) Áframhaldandi sókn á nýja miðla. 3) Nýjar fjárhagslegar undirstöður. 4) Minnkuð yfirbygging.

1.

Á liðnu starfsári ákvað stjórn HÍB að setja framtíð prentaðrar Biblíu á Íslandi á dagskrá. Undanfarin þrjú ár höfðu að miklu leyti snúist um að gera Biblíuna aðgengilega á nýjum miðlum, tölvum og snjalltækjum. En nú var komið að því að taka mikilvægar ákvarðanir um prentútgáfu Biblíunnar. Eftir miklar umræður og athuganir var tekin sú ákvörðun á liðnu starfsári að hverfa frá því fyrirkomulagi á prentaðri Biblíu sem verið hefur frá árinu 2007. Frá og með 1. febrúar 2022 ætla HÍB að taka aftur til sín prentútgáfu Biblíunnar og gera upp samning sinn við Forlagið. Ákvörðunin er stór, enda mun HÍB aftur verða aðalútgefandi Biblíunnar á Íslandi, eins og það var fyrstu tæpu tvær aldir starfsemi sinnar.

2.

Á sama tíma hefur HÍB, á liðnu starfsári, haldið áfram á þeirri vegferð að gera efni Biblíunnar aðgengilegt á nýjum miðlum. Davíðssálmarnir urðu aðgengilegir á netinu fljótlega eftir síðasta aðalfund. Orðskviðirnir voru síðan teknir upp í lestri Þóru Karítasar Árnadóttur leikkonu og gerðir aðgengilegir á netinu. Kennsluefni á grundvelli myndgerðar við Markúsarguðspjalls var sett á netið og mikið notað af kirkjum í lokunum vegna Covid-19. Þá klárðuðust hljóðritanir á Orði kvöldsins og voru þær gerðar aðgengilegar á öllum helstu hlaðvarpsveitum og á sérútbúnni vefsíðu ordkvöldsins.is.

3.

Meðfram þessu var árið 2020 árið þar sem nýjar undirstöður voru settar undir starfsemi og verkefni Biblíufélagsins. Á aðalfundinum árið 2020 var þegar farin af stað auglýsingaherferð í sjónvarpi, útvarpi og á netinu og úthringi-átak til söfnunar fjárhagslegum bakhjörum fyrir Biblíufélagið. Kláraðist þetta djarfa átak á þessu starfsári og hefur fjárhagslegt innstreymi Biblíufélagsins stórkostlegt við það, enda voru rétt innan við 400 bakhjarlar, mánaðarlegir greiðendur, sem söfnuðust.

4.

Meðfram þessu hefur yfirbygging verið minnkuð með breytingum á starfsmannahaldi og minnkaðri yfirbyggingu, s.s. með því að afleggja skrifstofuhúsnæði. Fjárhagsleg framtíð Biblíufélagsins lítur því vel út og er reist á traustari stöðum en verið hafa í langan tíma.



STÓRAR BREYTINGAR Á ÚTGÁFUMÁLUM

ÁRIÐ 2007 var gerð mikil breyting á fyrirkomulagi útgáfumála hjá Hinu íslenska Biblíufélagi. Þá var ákveðið að útvista allri prentun og útgáfu Biblíunnar til einkaaðila, í fyrsta sinn frá stofnun Biblíufélagsins árið 1815. Sá samningur var framlengdur en sú framlenging rann út árið 2017. Það kom því í hlut núverandi stjórnar að taka ákvörðun um framhald og fyrirkomulag prentaðrar Biblíu í framtíðinni. Eftir að hafa setið á rökstólum lengi og kallað eftir minnisblöðum og gert athuganir þá tók stjórn HÍB ákvörðun: Að gera upp samninginn við Forlagið bókaútgáfu og taka aftur yfir prentun og útgáfu Biblíunnar á Íslandi. Fyrir þessu eru ýmsar ástæður. Helst má nefna tvennt: Hið íslenska Biblíufélag hefur ekki

alltaf sömu markmið og aðrir bókaútgefendur og þá getur það gerst að hagsmunir fari ekki saman. Einnig höfðu fulltrúar alþjóðlegu Biblíuhreyfingarinnar oft gert athugasemdir við fyrirkomulagið sem hér var frá árinu 2007 enda óvanalegt að Biblíufélag væri ekki aðalútgefandi prentaðrar Biblíu í umdæmi sínu. Fulltrúar stjórnar áttu í framhaldi gott samtal við Forlagið þar sem þakkað var fyrir samstarfið og ákveðið að gera samninginn upp fyrir 1. febrúar 2022. Framundan eru því spennandi tímar í prentútgáfu. Í þeim efnum liggur hinsvegar ekki mikið á enda er enn til drjúgur lager af Biblíum sem mega seljast fyrst. Engu að síður er þegar hafin undirbúningsvinna að nýrri prentaðri Biblíu.

BAKHJARLAR BIBLÍUNNAR

Bakhjarlasöfnun var enn í fullum gangi þegar síðasti aðalfundur fór fram. Þá var enn verið að hringja í alla félagsmenn og bjóða þeim að greiða mánaðarlega til Biblíufélagsins 1000 krónur eða meira. Samtals eru nú 382 bakhjarlar sem greiða mánaðarlega til félagsins. Biblíufélagið getur svo sannarlega verið þakklátt fyrir að hafa slíkan hóp

bakhjarla sem safnar árlega nálægt 5 milljónum króna og gerir þannig félaginu fært að sækja fram með nýjum hætti. Með nýja tölvukerfinu sem lýst var í síðustu ársskýrslu hefur Biblíufélaginu tekist að vera í góðu sambandi við bakhjarla með tölvupóstum en tvívegis fengu allir bakhjarlar skilaboð á starfsárinu sem leið.

HLJÓÐRITUN BIBLÍUNNAR

Á síðasta aðalfundi var nýbúið að hljóðrita Davíðssálmana og voru þeir settir á netið fljótlega eftir síðasta aðalfund. Á liðnu starfsári voru síðan

Orðskviðirnir hljóðritaðir í lestri Þóru Karítasar Árndóttur leikkonu og eru nú aðgengilegir á biblian.is og Biblíuappi Youversion.

ORÐ KVÖLDSINS Á ALLAR VEITUR

Biblíufélagið kláraði loksins verkefni sem hafði verið lengi í farvatninu: Orð kvöldsins á netinu, fyrir hvern dag ársins. Í reynd er um er að ræða samstarf Biblíufélagsins, Kristilegs félags heilbrigðisstétta og útvarpsstöðvarinnar Lindarinnar. Það er virkilega ánægjulegt að nú sé ekki bara búið að taka upp efnið, heldur að ný tækni gerir það aðgengilegra heldur en áður var talið að það gæti orðið. Efnið er aðgengilegt á sérstakri vefsíðu ordkvoldsins.is sem var útbúið af Halldóri Elíasi Guðmundssyni. Þá gerði hann einnig efnið aðgengilegt á Apple podcasts, Spotify, Google podcasts og Podbean.

Höfundar og flytjendur efnis eru: Bergþóra Baldursdóttir, séra Díana Ósk Óskarsdóttir, séra Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, Guðlaugur Gunnarsson, Guðmundur Brynjólfsson djákni, séra Sveinn Valgeirsson og séra Valgeir Ástráðsson.

Píanóundirspilið við lestrana er samið af Ragnhildi Ásgeirsdóttur og flutt af Aðalheiði Þorsteinsdóttur.

Útvarpsstöðin Lindin sá um upptökur á efninu og við erum sérstaklega þakklát starfsfólki Lindarinnar, Stefáni Inga Guðjónssyni og Hafsteini Gaut Einarssyni útvarpsstjóra fyrir þeirra vinnu.

**Og ég segi yður: Biðjið og yður mun gefast,
leitið og þér munuð finna, knýið á og fyrir
yður mun upp lokið verða.**

Lúkas 11.9



BIBLÍUAPP FYRIR BÖRN

HÍB styrkti hóp fólks sem vill gera erlent Biblíuapp fyrir börn (e. Bible app for Kids) aðgengilegt á íslensku. HÍB styrkti verkefnið um 1 milljón króna. Biblíuappið fyrir börn er gagnvirk og gerir Biblíufróðeik skemmtilegan og aðgengilegan fyrir yngstu

kynslóðina. Einar Aron Fjalarsson og Styrmir Hafliðason stýra verkefninu. Þeir hafa fengið Guðjón Davíð Kalrsson til að sinna leiklestri og Stúdío Lindarinnar til að sinna upptökum. HÍB bíður spennt eftir því að sjá afrakstur verkefnisins.

NÝTT FRÆÐSLUEFNI

Á liðnu starfsári var útbúið fræðsluefni fyrir Hið íslenska Biblíufélag. Um var að ræða efni til notkunar með myndgerð og hljóðlestri Markúsarguðspjalls sem Biblíufélagið gerði aðgengilegt á síðasta ári. Var það Halldór Elías Guðmundsson sem tók efnið saman og gerði aðgengilegt á fræðsluvef

Biblíufélagsins. Efnið kom að mjög góðum notum á tímum samkomutakmarkana vegna Covid19. Margar kirkjur notuðu efnið sem grunn í fjar-fermingarfræðslu. Kirkjur fengu þá fermyngarborn sín til að horfa á myndgerðirnar við Markúsarguðspjall og svara síðan spurningum um efnið sem er nú aðgengilegt á Biblían.is.

VEFSÍÐA

Vefsvæði Biblíufélagsins, biblian.is, er í stöðugri mótun undir stjórn Halldórs Elíasar Guðmundssonar. Á árinu var framsetning á hljóðbók Biblíunnar endurskoðuð og sett upp svæði fyrir Orð kvöldsins, samstarfsverkefni Biblíufélagsins og Kristilegs félags heilbrigðisstétta. Þá var settur upp fyrsti vísir að vefverslun en Biblíufélagið tók að sér að selja bókina Lykilorð í umboðssölu á vefsíðunni. Fræðsluvefurinn var augin og endurbættur og býður nú upp á vefnámskeiðskerfi. Í tengslum við útgáfu Markúsarguðspjalls í myndrænni framsetningu á Youtube var útbúið einfalt vefnámskeið um Markúsarguðspjall sem er á fræðsluvefnum. Notkun vefsíðunnar var að mestu óbreytt frá síðasta starfsári. Hún var heimsótt af 23.741

notanda á tímabilinu 1. apríl 2020 til 31. mars 2021. Hver og einn gestur kom að jafnaði tæplega fjórum sinnum í heimsókn. Síðan fékk að jafnaði 241 heimsókn á dag sem er smávægileg aukning frá fyrra ári. Lítil breyting hefur orðið á notkun á Biblíuleitarvélinni milli ára sem er notuð daglega fyrir 55-70 leitar.

Í vor hafa verið gerðar nokkrar breytingar á innri virkni vefsvæðisins til að auka hraða og öryggi. Framundan er frekari þróun á því sviði. Þá var unnið að einfaldari og aðgengilegri framsetningu á hljóðbók Biblíunnar á vefsvæðinu ásamt því sem unnið var að endurhönnun á fræðsluvefnum til að hann nýttist betur. Fréttir hafa birst á heimasíðunni af starfi félagsins hérlandis en einnig fréttir úr alþjóðlega starfinu, þýddar af Þorgílsi Hlyni Þorbergssyni.

INSTAGRAM, TWITTER OG YOUTUBE

Á Instagram síðu Biblíufélagsins og á Twitter eru daglega birt Biblíuvers á myndrænu formi. Twitter reikningurinn hefur ekki náð miklu flugi en hann hefur 44 fylgendur. Instagram reikningurinn hefur vaxið jafnt og þétt og hefur nú 322 fylgjendur og fær að jafnaði 20 viðbrögð á dag.

Á Youtube er safnað saman ýmsu efni frá Biblíufélaginu sem gæti komið að gagni. Þar er t.d. að finna auglýsingar Biblíufélags sem sýndar voru í sjónvarpi og auk þess myndgerðir fyrir alla kafla Markúsarguðspjalls. Þá voru á árinu sett inn á Youtube myndbönd frá afmælishátíð Biblíufélagsins árið 2015 til að hafa þau aðgengileg á einum stað.

FACEBOOK

Fylgjendur Fésbókarsíðu félagsins hafa staðið í stað á starfsárinu eftir að þeim fjölgaði töluvert í upphafi árs 2020. Myndskreytt ritningarvers birtast daglega á síðunni en Biblíufélagið hefur útbúið rétt tæplega 600 vers sem birtast daglega á öllum samfélagsmiðlum. Þá er Fésbókarsíðan einnig notuð til að birta fréttir og aðrar upplýsingar.

Að jafnaði sjá 1.142 einstaklingar hverja færslu og hvert innlegg fær að jafnaði 89 viðbrögð, sem er rétt um 10% aukning milli ára. Á starfsárinu var dregið úr kaupum á einstaka birtingum frá fyrra ári og auk þess var ekki farið í nein sértæk verkefni til að draga athygli að síðunni.

SNJALLFORRIT

Í upphafi árs 2018 var íslenska Biblíupýðingin frá 2007 gerð aðgengileg í snjallforriti Youversion, oft kallað „biblíuapp.“ Í ár tókst okkur ekki að verða út um uppfærðar tölur um fjölda notenda snjallforritsins á Íslandi. Í ársskýrslunni í fyrra kom fram að þeir væru orðnir fleiri en 15 þúsund. Við vitum að á tímabilinu 1. apríl 2020 til 31. mars 2021 þá hafa notendur búsettir á Íslandi lesið 877.383 kafla (e. chapter requests). Jafnframt er miklum fjölda Biblíuversa deilt á samfélagsmiðlum. Frá 1. apríl 2020 til 31. mars 2021 var 4.713 Biblíuversum deilt á

samfélagsmiðlum sem er aukning um nærri 400 deilingar frá árinu áður. Af öllum þessum Biblíuversum er 978 deilingar af 1981 þýðingu Biblíunnar sem er einnig aðgengileg á appinu. Sýnileiki Biblíunnar á samfélagsmiðlum heldur að sjálfsögðu áfram að aukast við þetta. Nú er hægt, til viðbótar við Nýja testamentið, að hlusta á Davíðsálmana og Orðskviðina á Biblíuappi Youversion. Það var Einar Aron Fjalvarson sem sá til þess. Gaman er að segja frá því að á liðnu starfsári hlustuðu notendur búsettir á Íslandi á 192.259 kafla í Biblíuappinu.

STORYTEL OG SNJALLFORRIT FCBH

Storytel er aðal-hljóðbókaveita landsins og er hljóðritun Nýja testamentisins aðgengileg þar. Á árinu 2020 var hlustað á 704 klukkustundir af Nýja testamentinu hjá þeim. Fær Biblíufélagið af þessu breytilega upphæð eftir hlustum,

samtals milli 40-50 þúsund krónur á árinu 2020. Snjallforrit *Faith Comes By Hearing (FCBH)* hýsir sömuleiðis hljóðritun HÍB og greiðir fyrir það 1000 dollara árlega.

BIBLÍUR FYRIR FANGA

Á liðnu starfsári færði HÍB fangelsunum að gjöf 12 Biblíur, 10 á íslensku og 2 á spænsku. Var þetta eftir að Sr. Sigrún Óskarsdóttir, fangaprestur,

upplýsti framkvæmdanefnd um að Biblíur skorti í fangelsin og að beiðnir væru að koma frá vistmönnum fangelsanna.

B+

Brynjólfur Ólason var ritstjóri B+ sem kom út í desembermánuði 2020. Var blaðið sent til allra félagsmanna og dreift í kirkjur ásamt Biblíulestrarskránni sem einnig var gerð af Brynjólfi Ólasyni.



SAFNANIR Á ÁRINU

Farið var í jólasöfnun og páskaöfnun á liðnu starfsári. Páskaöfnunin var fyrir hljóðritun Davíðssálmanna og söfnuðust í henni um 200.000 kr sem lagðist við góða gjöf

Hallgrímssóknar til verkefnisins frá árinu áður. Jólasöfnunin var fyrir Biblíum til ungmenna á Haíti og söfnuðust þar 552.973 krónur.

BIBLÍUDAGURINN

Biblíudagurinn var 7. febrúar. Þann dag var útvarpsmessa frá Lindakirkju þar sem gjaldkeri framkvæmdanefndar HÍB, sr. Guðni Már Harðarson messaði og notaði tækifærið til

að segja frá Biblíufélaginu. Ritari félagsins, Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir tók einnig þátt í guðsþjónustunni.

SKRIFSTOFA LÖGÐ NIÐUR

Eftir að Biblíufélagið hætti að vera með fastan starfsmann á skrifstofu var ákveðið að hætta rekstri skrifstofu. Þess í stað var samið við Biskupsstofu um að geyma eitur Biblíufélagsins (mest bækur og Biblíur) og taka við og flokka póst Biblíufélagsins. Auk þess fær stjórn HÍB að funda í sölum Biskupsstofu þegar þörf er á. Eftir sem áður hjálpar starfsfólk Biskupsstofu félaginu

með gerð ársreikninga. Um leið og skrifstofan var lögð niður var farið í gegnum allar bækur og muni félagsins og allt það dót og þá kassa sem verið höfðu í geymslu á Laugavegi 31. Ágústa Guðný Hilmarsdóttir leiddi það verkefni ásamt skjalaverði Biskupsstofu. Það sem var ákveðið að varðveita var pakkað í nýjar og betri umbúðir og gerður listi yfir það sem varðveitt er.

ALÞJÓÐASAMSTARF OG ERLEND SAMSKIPTI

Erlend samskipti hafa litast af Covid-19 faraldrinum. Halldór Elías Guðmundsson fundaði á starfsárinu tvisvar með framkvæmdastjórum Biblíufélaga á Norðurlöndum og Eyrstrasaltsríkjum. Fundirnir fóru fram með á fjarfundarbúnaði. Halldór og Grétar Halldór Gunnarsson sátu fjarfund með Ingrid Felber-Bischof frá Sameinuðu Biblíufélögum um stöðu Biblíufélagsins á Íslandi vegna Covid-19. Halldór Elías fékk kennslu frá Sameiginlegu Biblíufélögum um PARATEX Biblíuhugbúnaðinn og vann í kjölfarið að textaleiðréttingum á útgáfu 2007 þýðingu Biblíunnar sem er vistað í Digital Bible Library. Hann sótti einnig námskeið um notkun á innri vef Sameinuðu Biblíufélaganna en þar birta Biblíufélög m.a. upplýsingar um staðbundin verkefni sem þarfnast stuðnings. Bæði

námskeiðin fóru fram með fjarfundarbúnaði. Hið íslenska Biblíufélag hefur fengið myndir sem tengjast ritningaversum frá myndasafni Sameinuðu Biblíufélaganna sem hafa verið notaðar fyrir samfélagsmiðla. Áfram er það gleðiefni að HÍB standi við skuldbindingar við alþjóðlegu Biblíuhreyfinguna. Greidd voru meðlimagjöld upp á 3.000 dollara. Auk þess lagði HÍB 4.120 dollara inn á alþjóðlegu Biblíusöfnunina fyrir Kína, en þeir fjármunir söfnuðust árið 2019. Jafnframt þessu lagði HÍB 1.000 dollara í neyðarsjóð Alþjóðlegu Biblíuhreyfingarinnar, til stuðnings Biblíufélögum sem standa höllum fæti. Það er ánægjulegt að HÍB sé farið að styðja önnur Biblíufélög eftir að hafa sjálft verið þiggjandi stuðnings á árunum eftir hrun.

FJÁRHAGUR BIBLÍUFÉLAGSINS

Á síðasta ári skall Covid-19 faraldurinn á alla heimsbyggðina. Afleiðingarnar hafa verið miklar fyrir mörg Biblíufélög víða um heim. Ástæðan er sú að mörg Biblíufélög hafa mikla yfirbyggingu og fá sínar helstu tekjur af sölu prentaðrar Biblíu. Á tímum faraldursins hafa samkomutakmarkanir og lokanir minnkað tekjur margra Biblíufélaga gífurlega á sama tíma og kostnaður við marga starfsmenn og yfirbyggingu getur verið mikill. Breytingar sem stjórn HÍB hefur gert á Biblíufélaginu undanfarin misseri hafa, fyrir Guðs náð, orðið HÍB til mikillar styrkingar. Yfirbygging hefur verið minnkuð á liðnu ári. Ekki er lengur stöðugildi framkvæmdastjóra, heldur eru starfskraftar ráðnir til verkefna sem verktakar. Þá var á árinu lögð niður skrifstofa og tekið upp samstarf við Biskupsstofu um að taka á móti pósti

Biblíufélagsins. Til hliðar við þetta þá var rúmlega 380 bakhjörum safnað sem greiða mánaðarlega til Biblíufélagsins til að styðja sóknir þess inn á nýja miðla. Þetta tvennt; minnkuð yfirbygging og nýjar stöðir undir fjárhaginn hafa haft þau áhrif að Biblíufélagið er fjárhagslega sjálfstæðara og burðugara en það hefur lengi verið. Það er merkilegt hversu ágætur ársreikningurinn er hjá Biblíufélaginu því mikil útgjöld féllu inn á liðið starfsár, svo sem sjónvarpsauglýsingin, birtingar hennar og vinna við úthringingar sem safnaði bakhjörum. Um er að ræða stóra einskiptis-kostnaðarliði sem sjást á ársreikningnum sem liggur fyrir á þessum fundi. Þrátt fyrir þetta er fjárhagurinn svo góður sem raun ber vitni og gefur góðar vonir til framtíðar.

LOKAORÐ

Bíblíufélagið hefur á liðnu ári tekið markviss skref. Yfirbygging var minnkuð og fjárhagslegar undirstöður treystar enn frekar. Bíblíufélagið heldur áfram sókn sinni inn á nýja miðla í krafti aukins fjárhagslegs sjálfstæðis. En meðfram því stöndum við nú á þröskuldi mikillar breytingar. HÍB mun nú aftur taka yfir útgáfu prentaðrar Bíblíu. Því fylgja spennandi tækifæri og áskoranir og við biðjum góðan Guð að blessa þau áform okkar og áframhaldandi sókn

félagsins fyrir hönd Bíblíunnar á Íslandi. Við biðjum þess jafnframt að Orðið hans megi falla í góða jörð, bera ávöxt og verða mörgum til blessunar.

*Fyrir hönd stjórnar
Hins íslenska Bíblíufélags,*

*Grétar Halldór Gunnarsson,
varaforseti Hins íslenska Bíblíufélags.*



<https://www.biblian.is>

Netfang: hib@biblian.is